

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, föstudaginn 7. mars kl. 12:00 var haldinn 362. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku þátt Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikingshalds, Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðandi, og Davíð Arnar Einarsson endurskoðandi.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur eigna ohf. 2024.

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. vegna ársins 2024. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 07.03.2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

Fundi slitið 12:17

2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2024 - móðurfélag

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2024 sem kynntur var á síðasta fundi stjórnar. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 7. mars 2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag, sem Davíð Arnar gerði nánari grein fyrir.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2024 – samstæða

Lögð voru fram drög að ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur samstæðu sem kynntur var á síðasta fundi. Einnig voru lögð fram staðfestingarbréf Grant Thornton, dags. 7. mars 2025, ásamt endurskoðunarskýrslu, dags. sama dag, sem Davíð Arnar gerði grein fyrir.

Einnig voru lögð fram greinargerð KPMG á skattaspori Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024, dags. 1. mars 2025, erindi endurskoðunarnefndar Orkuveitunnar, dags. 4. mars 2025, varðandi ársreikning OR samstæðu fyrir árið 2024, og erindi sömu nefndar, dags. 4. mars 2025, varðandi fund endurskoðunarnefndar, 3. mars 2025.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn og áritaður með rafrænum hætti.

Klukkan 12:40 véku Bryndís María, Davíð Arnar og Bjarni Már af fundinum.

4. Tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur frá SF360.

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur sem var frestað á SF 360:

„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að leggja fyrir eigendur að taka afstöðu til fjárframlaga og framtíðaráforma um stuðning við Carbfíx. Í 8. lið Eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er kveðið á um ákvarðanir sem hljóta skuli samþykki eigenda. Heildarupphæð brúarlána OR sem þegar hafa verið veitt til Carbfíx er rétt innan við 5% af eigin fé Orkuveitunnar samkvæmt árshlutareikningi fyrir fyrri hluta árs 2024. Fram kemur í umsögn rýnihóps Borgarráðs dagsett 18. ágúst 2022 að rökin fyrir stofnun Carbfíx hf. séu að takmarka áhættu samstæðunnar svo vöxtur verkefna Carbfíx sé ekki fjármagnaður úr sjóðum OR. Það leiðir af hlutarins eðli að lánsframlögin marka því stefnubreytingu frá forsendum eigenda fyrir stofnun Carbfíx hf. og skal því samkvæmt Eigendastefnu bera ákvörðunina undir eigendur til samþykkis.“

Lagt var fram minnisblað yfirlögfræðings og framkvæmdastjóra fjármála Orkuveitunnar, dags. 4. mars 2025, varðandi ákvörðun stjórnar um hækkun lánalínu til Carbfíx hf., og fram komna tillögu um að leita eftir afstöðu eigenda til ákvörðunarinnar.

Var tillagan þá borin upp til afgreiðslu og henni var hafnað með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgaonsar og Guðveigar Eyglóardóttur. Þórður Gunnarsson situr hjá. Ragnhildu Ralda María Vilhjálmsdóttir greiddi atkvæði með tillögunni og óskar bókað:

Nú er upphæð lánalínunnar sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að veita Carbfíx hf. orðin 12 ma.kr. en skyldi Carbfíx hf. draga á alla lánalínuna yrdi heildarlánsfjárhæðin hársbreidd frá því að ná 5% af eigin fé Orkuveitu Reykjavíkur m.v. árshlutareikning fyrir fyrri hluta árs 2024. Þá ber stjórn OR að afla samþykki eigenda, en samkvæmt Eigendastefnu OR á að afla samþykki eigenda áður en stofnað er til slíkra skuldbindinga. Því metur undirrituð að réttast sé að afla samþykkis hjá eigendum fyrir lánalínunni áður en meira er á hana er dregið. Í umræðum kom fram að lánsfénu er ekki ætlað að fjármagna verkefnavöxt Carbfíx hf. Það skín í gegn í gögnum vegna stofnunar Carbfíx hf. að það var ekki hugsunin á bakvið veitta heimild eigenda að OR myndi fjármagna rekstur fyrirtækisins umfram stofnframlagið. Til dæmis kom fram í greinargerð við tillögu stjórnar OR dags 26.06.2021 að „Carbfíx hf. yrdi fjármagnað af fjárfestum og sjóðum en ekki er gert ráð fyrir að lánsfjármögnun að svo stöddu“. Undirrituð telur því ríkt tilefni til að kalla eftir afstöðu eigenda til fjárframlaga OR til Carbfíx hf. Sérstaklega í ljósi þess að stjórn Orkuveitunnar hefur ekki sett sér ramma utan um fjárframlög OR til Carbfíx né hvort eða þá hvernig þau framlög eru hluti af langtíma stefnumótun OR.

Minnisblað Gylfa Magnússonar lagt fram,

Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga formanns stjórnar en henni fylgdi greinargerð sem hann gerði stuttlega grein fyrir

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykki, með vísan til fram komins minnisblaðs framkvæmdastjóra fjármála og yfirlögfræðings, að beina því til forstjóra að borgar-, bæjar og byggðaráðum eigenda verði kynnt sú sviðsmyndagreining sem gerð hefur verið vegna framtíðaráforma Carbfíx. Einig verði eigendum gerð grein fyrir hækkun og framlengingu lánalínu Orkuveitunnar til Carbfíx og hvaða áhrif sú ráðstöfun og rekstur Carbfíx hingað til hefur á heilarfjárhag samstæðu Orkuveitunnar.

Umræður.

Tillaga Gylfa Magnússonar var borin upp og samþykkt samhljóða.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir óskar bókað:

Undirrituð er alltaf hlynnt því að upplýsa eigendur. Þó eru gerðar athugasemdir við að réttlætingin fyrir því að hafna tillögu undirritaðrar um að eigendur fái að taka afstöðu til ákvörðunar um hækkun lánalínu Carbfíx um allt að 12 ma.kr., og þar með að rækja skyldur sínar samkvæmt eigendasamningi, er sú að lánsfénu sé ekki ætlað að fjármagna vöxt heldur rekstur Carbfíx. Þessi aðgreining er fáránleg enda er það reksturinn sem vex. Vöxtur fyrirtækis felst í því að reksturinn geti vaxið. Það þarf að fjármagna fjárfestingar og aukið rekstrarfé sem þarf í aukin rekstur. Ljóst er að ein höfuðforsenda samþykkis eigenda fyrir stofnun Carbfíx hf. og stofnframlagi OR var að utanaðkomandi aðilar myndu taka við fjármögnun fyrirtækisins, rekstrinum og vextinum meðtöldum. Það var sérstaklega tekið fram í greinargerð með tillögu um stofnun hlutafélagsins Carbfíx hf. dagsett 16. ágúst 2022 að:

„Ljóst er að félagið vantar töluvert fjármagn umfram það rausnarlega framlag sem OR hefur þegar samþykkt að veita félaginu. Þá liggur jafnframt fyrir að áhætta OR mun takmarkast við þau framlög sem þegar hafa verið samþykkt“.

Það fer því ekki á milli mála að það var hvorki hugur eigenda né stjórnar OR að OR tæki það að sér að tryggja rekstrarhæfi Carbfíx. Í þessu samhengi þarf að gera sérstaka athugasemd við greinargerðina sem fylgir tillögu stjórnarformanns OR þar sem stendur að ekki sé stætt að setja það í dóm eigenda hvort svipta eigi Carbfíx hf. fjármögnun. Að lokum minnir undirrituð á að það þarf að koma fram hvernig heildaráhættan verði miðað við mismunandi sviðsmyndir Carbfíx hf.

5. Önnur mál.

Lagt var fram minnisblað framkvæmdastjóra fjármála Orkuveitunnar, dags. 6. mars
Minnisblað um arðgreiðslu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:03.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 31. mars 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Orkuveita Reykjavíkur

Móðurfyrirtæki
2024

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Eigendur Orkuveitunnar í byrjun og lok árs 2024 voru Reykjavíkurborg (93,539%), Akraneskaupstaður (5,528%) og Borgarbyggð (0,933%).

Helstu niðurstöður fjármála

Hagnaður af rekstri Orkuveitunnar á árinu 2024 nam 10.039 milljónum kr. (2023: 6.430 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins 489.168 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 453.612 milljónir kr.). Eigið fé nam 265.535 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 258.057 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall fyrirtækisins 54,3% (31.12.2023: 56,9%).

Fjöldi ársverka hjá fyrirtækinu á árinu 2024 voru 206,3 (2023: 199,6 ársverk).

Árangur og óvissupætti

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2024 er fjallað um árangur, óvissupætti, stjórnarhætti og önnur ófjárhagsleg málefni Orkuveitunnar, sbr.gr. 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er nú gerður með hliðsjón af væntanlegum breytingum á lögum um ársreikninga, þ.e. innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD)

Hvað varðar árangur og óvissupætti og stjórnarhætti vísast í viðfestan ársreikning samstæðu Orkuveitunnar 2024.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ársreikningur fyrirtækisins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2024 ásamt rekstrarafkomu þess sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 7. mars 2025

Í stjórn fyrirtækisins:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir „félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við íslensk lög og reglur um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð samstæðunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við faglegu mati (e. professional judgement) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgð fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar á samstæðunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Við höfum afhent stjórn og endurskoðunarnefnd endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt félaginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfa ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 17. apríl 2024 en þetta er áttunda samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 7. mars 2025

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur		12.327.563	11.246.929
Innlausn álvarna		9.582	18.038
Söluhagnaður		37.402	26.337
Rekstrartekjur samtals		12.374.547	11.291.304
Laun og launatengd gjöld	4	(3.740.981)	(3.485.658)
Annar rekstrarkostnaður		(8.208.100)	(7.617.899)
		(11.949.081)	(11.103.558)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		425.466	187.746
Afskriftir	6	(935.857)	(1.004.203)
Rekstrartap (EBIT)		(510.390)	(816.457)
Vaxtatekjur		11.167.541	12.648.901
Vaxtagjöld		(14.200.174)	(14.899.243)
Aðrar tekjur (önnur gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		1.953.844	605.719
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	7	(1.078.788)	(1.644.623)
Áhrif dótturfélaga		11.015.660	7.927.959
Áhrif hlutdeildarfélaganna	12	3.939	(36)
		11.019.599	7.927.924
Hagnaður fyrir tekjuskatt		9.430.420	5.466.844
Tekjuskattur	8	608.928	963.096
Hagnaður ársins		10.039.348	6.429.940

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	14.990.794	12.761.294
Óefnislegar eignir	10	3.230.729	3.016.563
Eignarhlutar í dótturfélögum	11	275.750.716	261.298.178
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	12	88.667	81.228
Eignarhlutar í öðrum félögum	13	6.243.980	55.680
Áhættuvarnarsamningar	14	73.728	161.073
Lán til dótturfélaga	15	143.436.206	132.563.803
Tekjuskattseign	16	5.951.427	5.315.556
Fastafjármunir samtals		449.766.249	415.253.376
 Birgðir	17	1.612.357	1.680.817
Viðskiptakröfur		1.247.944	1.184.146
Eignarhlutar í öðrum félögum	13	0	6.207.000
Áhættuvarnarsamningar	14	212.006	300.958
Lán til dótturfélaga, næsta árs afborgun	15	6.399.397	7.904.893
Skammtímakröfur á dótturfélög	21	2.005.887	2.036.953
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		531.540	507.988
Markaðsverðbréf		11.594.110	8.670.016
Handbært fé		15.798.068	9.865.578
Veltufjármunir samtals		39.401.307	38.358.350
 Eignir samtals		489.167.556	453.611.726
 Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		127.809.202	130.534.225
Bundinn hlutdeildarreikningur		94.950.622	82.377.266
Gangvirðisreikningur		5.807.000	5.807.000
Þýðingarmunur		9.838.598	8.778.883
Óráðstafað eigið fé		27.130.047	30.559.780
Eigið fé samtals		265.535.469	258.057.154
 Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	19	166.697.814	147.283.370
Áhættuvarnarsamningar	14	73.728	161.073
Langtímaskuldir samtals		166.771.542	147.444.443
 Viðskiptaskuldir		770.957	898.195
Vaxtaberandi skuldir	19	15.902.571	15.931.715
Áhættuvarnarsamningar	14	212.006	300.958
Tekjuskattur til greiðslu	8	26.943	53.670
Skammtímaskuldir við dótturfélög	21	37.716.370	28.901.217
Aðrar skammtímaskuldir		2.231.698	2.024.372
Skammtímaskuldir samtals		56.860.545	48.110.128
 Skuldir samtals		223.632.087	195.554.572
 Eigið fé og skuldir samtals		489.167.556	453.611.726

Eiginfjáryfirlit 2024

	Endurmats- reikningur rekstrarfjármuna	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé móður- fyrirtækis
Eigið fé 1. janúar 2024	130.534.225	82.377.266	5.807.000	8.778.883	30.559.780	258.057.154
Endurmat, hækkun	2.974.065					2.974.065
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(594.813)					(594.813)
Þýðingarmunur				1.059.716		1.059.716
Hagnaður ársins					10.039.348	10.039.348
Heildarafkoma	2.379.252	0	0	1.059.716	10.039.348	13.478.315
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(5.104.275)				5.104.275	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttekinn arð		12.573.356			(12.573.356)	0
Greiddur arður					(6.000.000)	(6.000.000)
Eigið fé 31. desember 2024	127.809.202	94.950.622	5.807.000	9.838.598	27.130.047	265.535.469
Eigið fé 1. janúar 2023	121.092.491	74.657.104	5.232.000	11.543.578	32.568.221	245.093.395
Endurmat, hækkun	16.933.584					16.933.584
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(2.710.069)					(2.710.069)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna í gegnum heildarafkomu			575.000			575.000
Þýðingarmunur				(2.764.695)		(2.764.695)
Hagnaður ársins					6.429.940	6.429.940
Heildarafkoma	14.223.515	0	575.000	(2.764.695)	6.429.940	18.463.759
Innlaun endurmats vegna afskrifta	(4.781.781)				4.781.781	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttekinn arð		7.720.162			(7.720.162)	0
Greiddur arður					(5.500.000)	(5.500.000)
Eigið fé 31. desember 2023	130.534.225	82.377.266	5.807.000	8.778.883	30.559.780	258.057.154

Sjóðstreymisyfirlit 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		10.039.348	6.429.940
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	1.078.788	1.644.623
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	(	11.019.599)	(7.927.924)
Tekjuskattur	8	608.928)	(963.096)
Afskriftir	6	935.857	1.004.203
Söluhagnaður eigna	(	37.402)	(26.337)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		388.064	161.409
 Birgðir, lækkun		68.460	253.675
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	131.369)	5.156
Skammtímaskuldir, lækkun	(	115.646)	(26.136)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		209.510	394.104
 Innborgaðar vaxtatekjur		6.667.204	5.749.333
Greidd vaxtagjöld	(	9.215.732)	(8.176.562)
Greiddir skattar	(	53.670)	(46.437)
Handbært fé til rekstrar	(	2.392.688)	(2.079.562)
 Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(2.697.268)	(1.903.082)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	10	(750.095)	(608.477)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		65.323	137.893
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	(	3.300)	0
Lán til dótturfélaga		4.690.928	6.801.154
Breyting á markaðsverðbréfum	(	2.024.862)	3.008.322
Fjárfestingarhreyfingar	(	719.274)	7.435.810
 Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		31.203.371	23.409.661
Afborganir langtímaskulda	(	16.259.785)	(19.371.692)
Greiddur arður	18	(6.000.000)	(5.500.000)
Fjármögnunarhreyfingar		8.943.586	(1.462.031)
 Hækkun á handbæru fé		5.831.624	3.894.217
 Handbært fé í ársbyrjun		9.865.578	6.064.406
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		100.865	(93.045)
Handbært fé í árslok		15.798.068	9.865.578
 Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, breyting	9	39.918	54.415
Skammtímaskuldir, breyting	(	39.918)	(54.415)
Lækkun hlutafjár í dótturfélagi		0	25.360.000
Lán til dótturfélaga		0	(25.360.000)
 Aðrar upplýsingar			
Veltufé til rekstrar	22	(2.469.166)	(2.287.661)

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Ársreikningur fyrirtækisins er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitunnar.

Fyrirtækið er sjálfstætt eignarhaldsfyrirtæki sem veitir dótturfélögum sínum margvíslega stoðþjónustu. Dótturfélögin eru þjónustufélög sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, ljósleiðara og kolefnisförgun á þjónustusvæði sínu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur móðurfyrirtækis er gerður í samræmi við ársreikningalög nr. 3/2006. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að eignarhlutar í öðrum félögum, áhættuvarnarsamningar og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Tekjur

Tekjur af vörusölu og þjónustu

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru og þjónustu.

Leigutekjur

Leigutekjur eru tekjufærðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfyrirtækið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfyrirtækið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi móðurfélagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru félög þar sem móðurfyrirtækið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar fyrirtækið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi fyrirtækið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 38,4% vegna ársins 2024 (2023: 37,6%).

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem fyrirtækið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna frá þeim tíma sem þeir eru nýtanlegir. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	10-50 ár
Fasteignir	25-50 ár
Lausafjármunir	3-34 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

Óefnislegar eignir

Hitaréttindi

Hitaréttingi hafa óskilgreindan líftíma og eru færð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður	5-7 ár
------------------	--------

Skýringar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

Áhættuvarnarsamningar

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengisbreytinga. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta væntri rýrnun á virði krafna þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar sem benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi sé lægra en áður var talið.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	2024	2023	31.12.2024	31.12.2023
	Meðalgengi		Árslokagengi	
CHF	156,825	153,485	152,700	162,530
EUR	149,310	149,136	143,900	150,500
USD	137,928	137,976	138,200	136,200
JPY	0,912	0,984	0,882	0,963
GBP	176,402	171,464	173,300	173,180
SEK	13,067	13,004	12,570	13,560
Þróng viðskiptavog SÍ	195,230	195,166	189,330	196,860

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	3.125.288	2.912.604
Mótframlag í lífeyrissjóði	442.758	395.195
Önnur launatengd gjöld	294.325	265.507
Eignfærð laun	(121.391)	(87.647)
Laun og launatengd gjöld samtals	3.740.981	3.485.658

Laun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar og forstjóra á árinu námu 75,9 milljónum kr. (2023: 73,9 milljónir kr.).

Fjöldi ársverka	206,3	199,6
-----------------------	-------	-------

5. Þóknun endurskoðanda

	2024	2023
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	8.422	8.660
Önnur þjónusta endurskoðanda	2.542	1.849
Samtals þóknun endurskoðanda	10.964	10.508

6. Afskriftir

	2024	2023
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 9	399.928	477.035
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 10	535.928	527.168
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	935.857	1.004.203

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2024	2023
Vaxtatekjur	988.546	521.163
Vaxtatekjur frá dótturfélögum	5.552.133	5.054.390
Áfallnar verðbætur á lán til dótturfélaga	4.626.862	7.073.348
Vaxtatekjur samtals	11.167.541	12.648.901
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(5.957.887)	(7.345.247)
Áfallnar verðbætur	(5.519.106)	(5.012.095)
Vaxtagjöld til dótturfélaga	(2.351.460)	(2.103.430)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(371.720)	(438.471)
Vaxtagjöld samtals	(14.200.174)	(14.899.243)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	899.231	607.734
Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga	(46.665)	(158.620)
Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga við dótturfélög	46.665	158.620
Gengismunur	365.893	1.578.573
Gengismunur vegna lána til dótturfélaga	584.754	(1.825.412)
Arðstekjur	122.466	244.825
Aðrar tekjur (önnur gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	1.953.844	605.719
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(1.078.788)	(1.644.623)

1) Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,86% (2023: 0,81%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,66% (2023: 0,65%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 372 milljónum kr. á árinu 2024 (2023: 438 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2024	2023
Tekjuskattur til greiðslu	26.943	53.670
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(635.871)	(1.016.766)
Tekjufærður tekjuskattur	(608.928)	(963.096)
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	9.430.420	5.466.844
Tekjuskattur	38,4% 3.621.281	37,6% 2.055.533
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(43,9%) (4.143.369)	(54,5%) (2.980.899)
Áhrif breytinga á skatthlutfalli	(0,8%) (75.443)	0,0% 0
Fenginn arður	(0,2%) (19.105)	(0,7%) (37.730)
Aðrir liðir	0,08% 7.708	0,0% 0
Virkur tekjuskattur í rekstri	(6,5%) (608.928)	(17,7%) (963.096)

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

31.12.2024	Framleiðslu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.779.965	12.353.242	2.921.208	17.054.415
Viðbætur á árinu	117.610	2.237.763	301.977	2.657.350
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	173.789) (	173.789)
Staða í árslok	1.897.575	14.591.005	3.049.396	19.537.976
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.310.645	1.081.804	1.900.672	4.293.121
Afskrifað á árinu	19.170	123.554	257.204	399.928
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	145.867) (	145.867)
Staða í árslok	1.329.815	1.205.359	2.012.008	4.547.182
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2024.....	469.321	11.271.437	1.020.536	12.761.294
Bókfært verð 31.12.2024.....	567.760	13.385.646	1.037.388	14.990.794

31.12.2023	Framleiðslu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.535.338	11.147.385	2.813.858	15.496.580
Viðbætur á árinu	244.628	1.257.584	346.456	1.848.667
Selt og aflagt á árinu	0 (	51.727) (	239.105) (	290.832)
Staða í árslok	1.779.965	12.353.242	2.921.208	17.054.415
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	1.294.735	870.858	1.832.197	3.997.790
Afskrifað á árinu	15.910	210.947	250.178	477.035
Selt og aflagt á árinu	0	0 (	181.704) (	181.704)
Staða í árslok	1.310.645	1.081.804	1.900.672	4.293.121
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2023.....	240.603	10.276.528	981.660	11.498.790
Bókfært verð 31.12.2023.....	469.321	11.271.437	1.020.536	12.761.294

Fasteignamat og váttryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna sem metnar eru fasteignamati nam 10.927 milljónum kr. í árslok 2024 (2023: 10.277 milljónir kr.). Brunabótamat eigna er 15.745 milljónir kr. á sama tíma (2023: 15.342 milljónir kr.). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 20.234 milljónum kr. í árslok 2024 (2023: 17.439 milljónir kr.)

Skuldbindingar

Skuldbindingar vegna innkaupa- og verksamninga eru 3.980 milljónir kr. í árslok 2024 (2023: 4.866 milljónir kr.).

Skýringar

10. Óefnislegar eignir

	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
31.12.2024			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.478.759	4.870.464	6.349.223
Viðbætur á árinu	35.000	715.095	750.095
Staða í árslok	1.513.759	5.585.559	7.099.318
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	457.770	2.874.890	3.332.660
Afskrifað á árinu	0	535.928	535.928
Staða í árslok	457.770	3.410.818	3.868.589
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2024	1.020.989	1.995.574	3.016.563
Bókfært verð 31.12.2024	1.055.989	2.174.740	3.230.729

	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
31.12.2023			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.032	4.484.556	5.911.588
Endurflokkun	0	608.477	608.477
Viðbætur á árinu	51.727 (	222.568) (	170.841)
Staða í árslok	1.478.759	4.870.464	6.349.224
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	457.770	2.516.135	2.973.905
Afskrifað á árinu	0	527.168	527.168
Selt og aflagt á árinu	0 (	168.413) (	168.413)
Staða í árslok	457.770	2.874.890	3.332.660
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2023	969.262	1.968.421	2.937.682
Bókfært verð 31.12.2023	1.020.989	1.995.574	3.016.563

Skýringar

11. Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfyrirtæki	31.12.2024		31.12.2023	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Ljósleiðarinn ehf.	100,0%	14.552.619	100,0%	12.904.475
OR Eignir ehf.	100,0%	177.568.179	100,0%	168.681.014
Veitur ehf.	100,0%	0	100,0%	0
ON Power ehf.	100,0%	0	100,0%	0
Orka náttúrunnar ehf.	100,0%	0	100,0%	0
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	100,0%	0	100,0%	0
Carbfix hf.	100,0%	0	100,0%	0
Coda Terminal hf.	100,0%	0	100,0%	0
OR vatns- og fráveita sf.	100,0%	83.629.918	100,0%	79.712.689
		275.750.716		261.298.178

12. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

	31.12.2024		31.12.2023	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Íslensk Nýorka ehf.	28,56%	22.992	29,11%	24.567
Netorka hf.	38,41%	62.325	38,41%	53.308
Orkuskólinn REYST hf.	45,00%	3.349	45,00%	3.353
		88.667		81.228

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var jákvæð um 3,9 millj. kr. á árinu (2023: neikvæð um 36 þús. kr.)

13. Eignarhlutar í öðrum félögum

	31.12.2024		31.12.2023	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Fastafjármunir				
Landsnet hf. 1)	6,8%	6.207.000		0
Aðrir eignarhlutar í félögum		36.980		55.680
		6.243.980		55.680
Veltufjármunir				
Landsnet hf. 1)		0	6,8%	6.207.000
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		6.243.980		6.262.680

Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir á gangvirði í gengum aðra heildarafkomu er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum. Stuðst er við verðmat sem framkvæmt er af óháðum þriðja aðila auk mats sérfræðinga innan Orkuveitunnar. Mat stjórnenda var að ekki skyldi færa gangvirðisbreytingu á eignarhlut í Landsneti hf. á árinu 2024 (2023: hækkun um 575 milljónir kr. sem var færð á sérstakan gangvirðisreikning meðal eigin fjár).

1) Lagaákvæði um breytt eignarhald flutningsfyrirtækis raforku kom til framkvæmda 1. júlí 2022, skv. 19. gr. laga nr. 74/2021. Lögin kveða á um breytt eignarhald Landsnets með þeim hætti að það verði í beinni eigu ríkisins og/eða sveitarfélaga. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar á árinu 2024 líkt og stefnt hefur verið að, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 31.12.2024 og hefur verið færður af veltufjármunum yfir á fastafjármuni, þar sem óvíst er hvenær verður af sölu eignarhlutarins. Sjá nánar í skýringu 23.

Skýringar

14. Áhættuvarnarsamningar

Orkuveitan gerir áhættuvarnarsamninga til að takmarka áhættu sína vegna breytinga á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi og álverði. Gangvirðisbreyting og uppgjör samninga leiddi til 9,6 milljóna kr. tekjufærslu á árinu 2024 (2023: 18 milljóna kr. tekjufærslu) sem færð er í gegnum rekstur. Opnir samningar í árslok eru skráðir í efnahag meðal eigna og skulda.

15. Lán til dótturfélaga

Við uppskiptingu í ársbyrjun 2014 fengu dótturfélög lán frá móðurfyrirtækinu. Vaxtaberandi kröfur á dótturfélög eru sýndar í efnahagsreikningi meðal lang- og skammtímaskulda og greinast með eftirfarandi hætti:

	31.12.2024		31.12.2023	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldabréf í ISK	3,67%	107.896.136	3,26%	99.248.344
Skuldabréf í USD	4,51%	41.939.467	4,26%	41.220.352
		149.835.603		140.468.696
Næsta árs afborganir lána til dótturfélaga	(	6.399.397)	(	7.904.893)
Langtímahluti lána til dótturfélaga		143.436.206		132.563.803

16. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2024	31.12.2023
Tekjuskattseign í ársbyrjun	5.315.556	4.298.790
Reiknaður tekjuskattur ársins	608.928	963.096
Tekjuskattur til greiðslu	26.943	53.670
Tekjuskattseign í árslok	5.951.427	5.315.556

Tekjuskattseign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	43.424	953.374
Frestaður gengismunur	(207.358)	58.472
Aðrir liðir	(1)	751
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	6.115.361	4.302.959
Tekjuskattseign í árslok	5.951.427	5.315.556

Yfirfæranlegt skattalegt tap

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í 10 ár frá því það myndast. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	2024	2023
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028	41.429	41.429
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársins 2029	2.059.754	2.059.754
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársins 2030	2.398.725	2.398.725
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársins 2031	2.332.165	2.332.165
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársins 2032	2.766.713	2.766.713
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársins 2033	1.845.254	1.845.253
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársins 2034	4.820.220	-
	16.264.259	11.444.039

Skýringar

17. Birgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Efnisbirgðir	1.612.357	1.680.817

Efnisbirgðir samanstanda af efni til viðhalds framleiðslu- og dreifikerfa fyrirtækisins. Hluti birgða er skilgreindur sem öryggisbirgðir, þ.e. þær birgðir sem verða að vera til staðar til að bregðast við bilunum/viðhaldi jafnvel þó veltuhraði þeirra sé lítill. Verðmæti birgða er yfirfarið reglulega. Birgðir til endurnýjunar og nýbygginga eru eignfærðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem hluti af kostnaði við eignir í byggingu.

18. Eigið fé

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenskar krónur.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur samanstendur af breytingum á mati á fjáreignum til sölu að teknu tilliti til tekjuskatts.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélagi, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Óráðstafað eigið fé

Á árinu 2024 var greiddur arður að fjárhæð 6.000 milljónir kr. til eigenda. (2023: Arðgreiðslur 5.500 milljónir kr.).

19. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti:

Langtímaskuldir	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir	82.070.841	61.147.803
Skuldabréfaútgáfa	100.529.544	102.067.282
	182.600.385	163.215.085
Næsta árs afborganir skulda við lánastofnanir	(9.527.441)	(10.797.993)
Næsta árs afborganir skuldabréfaútgáfu	(6.375.130)	(5.133.722)
	166.697.814	147.283.370
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15.902.571	15.931.715
Vaxtaberandi skuldir samtals	182.600.385	163.215.085

Skýringar

19. Vaxtaberandi skuldir, frh.

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	31.12.2024		31.12.2023	
		Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	1.10.2027	0,82%	3.830.755	0,98%	5.436.478
Skuldir í EUR	16.12.2027	3,38%	8.222.714	4,26%	12.399.882
Skuldir í USD	26.11.2035	5,41%	42.568.553	6,01%	38.576.287
Skuldir í JPY	1.10.2027	0,08%	851.147	0,03%	1.239.401
Skuldir í GBP	26.2.2024	0,00%	0	6,20%	396.560
Skuldir í SEK	1.10.2027	3,26%	903.452	4,17%	1.300.074
			56.376.622		59.348.682
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	18.2.2055	3,09%	112.860.542	2,90%	97.968.462
Óverðtryggðar	18.2.2042	6,85%	13.363.222	5,88%	5.897.942
			126.223.764		103.866.404
Vaxtaberandi skuldir samtals			182.600.385		163.215.085

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig næstu ár:

	31.12.2024	31.12.2023
Árið 2024.....	-	15.931.715
Árið 2025.....	15.902.571	14.464.992
Árið 2026.....	18.744.297	16.822.095
Árið 2027.....	15.102.367	12.542.986
Árið 2028.....	12.027.949	9.265.944
Árið 2029.....	12.011.405	-
Síðar	108.811.795	94.187.353
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	182.600.385	163.215.085

Ábyrgðir og veðsetningar

Orkuveitunni er heimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni. Fjárhagslegar skuldbindingar sem njóta skulu ábyrgðar eigenda eru háðar samþykki þeirra. Sé ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum samþykkt af eigendum skal innbyrðis skipting ábyrgðar vera í réttu hlutfalli við eignarhluta hans í fyrirtækinu. Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins og getur hún ekki numið hærra hlutfalli en 80% af fjárförf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð. Ábyrgðir eigenda á fjárhagslegum skuldbindingum sem stofnað var til fyrir gildistöku laga nr. 144/2010, halda gildi sínu eins og til þeirra var stofnað þar til þær eru að fullu efndar. Á uppgjördegi voru eigendur í ábyrgð fyrir 22,45% af vaxtaberandi skuldum félagsins.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 138.900 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka (2023: 115.039 milljónir kr.). Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli. Í lok árs 2024 stóðst Orkuveitan öll fjárhagsskilyrði lánasamninga.

Skýringar

20. Rekstrarleiga húsnæðis

Orkuveitan sem leigutaki - fyrirkomulag rekstrarleigusamninga

Orkuveitan er með rekstrarleigusamninga um skrifstofuhúsnæði. Heildarskuldbinding þeirra nemur 211 millj. kr. fram til ársins 2028 (2023: 320 millj. kr.). Ónúvirt skuldbinding greinist þannig:

	2024	2023
Innan árs	80.628	101.327
Til greiðslu innan 2 til 5 ára	130.704	218.777
	211.332	320.104

21. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, dótturfélög Orkuveitunnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar fyrirtækisins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við fyrirtækið á árinu.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á árinu, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir fyrirtækisins við þessa aðila í árslok.

	2024	2023
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	180	133
Dótturfélög	12.000.723	10.895.116
	12.000.903	10.895.249
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af Reykjavíkurborg	78.119	68.063
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	11	75
Dótturfélög	233.787	246.191
Hlutdeildarfélög	0	3.500
	311.917	317.829
Vaxtatekjur vegna lána til dótturfélaga voru eftirfarandi:		
Vaxtatekjur vegna lána til dótturfélaga	10.178.995	12.127.738
Vaxtagjöld á lán til tengdra aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	347.703	408.104
Akraneskaupstaður	20.549	28.189
Borgarbyggð	3.468	2.178
Lán frá dótturfélögum vegna lausafjárávöxtunar	2.351.460	2.103.430
	2.723.180	2.541.901
Kröfur á hendur tengdra aðila í árslok voru eftirfarandi:	31.12.2024	31.12.2023
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	93	82
Dótturfélög, skammtímakröfur	2.005.887	2.036.953
Dótturfélög, vaxtaberandi kröfur	149.835.603	140.468.696
	151.841.583	142.505.731

Skýringar

21. Tengdir aðilar, frh.

Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:	31.12.2024	31.12.2023
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	89.618	173.098
Dótturfélög, skammtímaskuldir	37.716.370	28.901.217
	37.805.988	29.074.315

Ábyrgðargjald til eigenda

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 7. Fjallað er um laun stjórnenda í skýringu 4.

22. Sjóðstreymisýfirlit

Veltufé til rekstrar greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður ársins	10.039.348	6.429.940
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Afskriftir	935.857	1.004.203
Söluhagnaður fastafjármuna	(37.402)	(26.337)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	18.500	0
Hlutdeildartekjur	(11.019.599)	(7.927.924)
Verðbætur og gengismunur skuldabréfaeignar	(5.211.616)	(5.247.936)
Verðbætur og gengismunur lána	4.441.714	5.011.848
Tekjuskattsskuldbinding	(635.871)	(1.016.766)
Gangvirðisbreyting eigna í eignastýringu	(899.231)	(607.734)
Gengismunur af handbæru fé	(100.865)	93.045
Veltufé til rekstrar	(2.469.166)	(2.287.661)

23. Önnur mál

Sala á eignarhlut í Landsneti

Undanfarin misseri hefur verið stefnt að sölu eignarhlutar Orkuveitunnar í Landsneti, þar sem í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtækið skuli vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í árslok 2020 samþykkti stjórn Orkuveitunnar að viljayfirlýsing um breytingu á eignarhaldi Landsnets yrði undirrituð og að ganga til viðræðna um sölu eignarhlutarins. Í kjölfarið hófust viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið. Ráðuneytið samdi í lok árs 2022 við félög í eigu ríkisins um kaup á hlut þeirra í Landsneti, en ráðuneytið vildi klára þá samninga áður en gengið væri frá kaupum þess á hlut Orkuveitunnar. Ekki hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar á árinu 2024 líkt og stefnt hefur verið að, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 31.12.2024 og hefur verið færður af veltufjármunum yfir á fastafjármuni, þar sem óvíst er hvenær verður af sölu eignarhlutarins.

Skýringar

23. Önnur mál, frh.

Viðgerðir á höfuðstöðvum

Á árinu 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1. Endurnýjun útveggja vesturhúss er lokið og framkvæmdir innanhúss eru hafnar. Orkuveitan hefur gert verksamninga vegna framkvæmda innanhúss í vesturhúsi og hvolfrými og er heildarskuldbinding vegna þessara samninga að fjárhæð 755 milljónir kr. Áætluð verklok eru í maí 2025.

Gerðardómur um túlkun ákvæða raforkusamnings við Norðurál

Á árinu 2024 hélt áfram gerðardómsferli um túlkun ákvæða raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON Power sér um framkvæmd á. Málið lýtur að kröfu Orkuveitunnar um endurskoðun á samningum, þar sem jafnvægi milli hagsmuna samningsaðila hafi raskast vegna atvika og forsendna sem Orkuveitan hefur ekki forræði á. Í þessum fasa málsins, mun niðurstaða gerðardómsins aðeins snúa að því hvort að jafnvægi milli samningsaðila hafi raskast vegna ófyrirsjáanlegra atvika svo eðlilegt sé að taka upp viðræður um breytingar á samningum, en ekki taka afstöðu til mögulegra fjárhæða. Fyrirsjáanlegt er að niðurstaða gerðardóms muni liggja fyrir í byrjun mars 2025.

24. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnendum er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Orkuveita Reykjavíkur -
Eignir ohf.
Ársreikningur 2024

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 531213-0840

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf. (OR Eignir) er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveituna), en félagið er eignarhaldsfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu.

Helstu niðurstöður fjármála

Hagnaður af rekstri OR Eigna á árinu 2024 nam 7.828 milljónum kr. (2023: 6.040 milljónum kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 178.338 milljónum kr. (31.12.2023: 168.976 milljónir kr.). Eigið fé nam 177.568 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 168.681 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 99,6% í árslok (31.12.2023: 99,8%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2024 var 0 (2023: 0 ársverk).

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til eiganda félagsins á árinu 2025 vegna rekstrar á árinu 2024. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Árangur og óvissupættir

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2024 er fjallað um árangur, óvissupætti, stjórnarhætti og önnur ófjárhagsleg málefni OR Eigna, sbr.gr. 66d í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er nú gerður með hliðsjón af væntanlegum breytingum á lögum um ársreikninga, þ.e. innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD).

Hvað varðar árangur og óvissupætti og stjórnarhætti vísast í viðfestan ársreikning samstæðu Orkuveitunnar 2024.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdarstjóra OR Eigna er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2024 ásamt rekstrarafkomu þess sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 7. mars 2025

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdarstjóri:

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Annar rekstrarkostnaður	(	554)	(698)
Rekstrarkostnaður samtals.....	(	554)	(698)
Rekstrartap (EBIT).....	(	554)	(698)
Vaxtatekjur		4	3
Vaxtagjöld	(	3)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		2	3
Áhrif dótturfélaga	7	7.827.957	6.040.604
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		7.827.404	6.039.909
Tekjuskattur	6	135	217
Hagnaður ársins		<u>7.827.539</u>	<u>6.040.126</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Eignarhlutar í dótturfélögum	7	171.275.071	168.916.198
Fastafjármunir samtals		171.275.071	168.916.198
Aðrar skammtímakröfur		0	1
Kröfur á tengda aðila	9	7.062.542	60.234
Handbært fé	10	1	9
Veltufjármunir samtals		7.062.543	60.243
Eignir samtals		178.337.614	168.976.441
Eigið fé			
Hlutfé		4.000	4.000
Endurmatsreikningur		76.670.998	80.138.351
Bundinn hlutdeildarreikningur		33.918.734	31.871.740
Þýðingarmunur		9.838.598	8.778.883
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		57.134.849	47.886.951
Eigið fé samtals		177.568.179	168.680.924
Skuldir			
Skuldbinding vegna eignarhluta í dótturfélögum	7	555.597	0
Skammtímaskuldir við tengda aðila	9	213.335	294.996
Aðrar skammtímaskuldir		503	520
Skammtímaskuldir samtals		769.435	295.516
Skuldir samtals		769.435	295.516
Eigið fé og skuldir samtals		178.337.614	168.976.441

Eiginfjáryfirlit 2024

Árið 2024	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Þýðingar- munur	Lögbundinn varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2024	4.000	80.138.351	31.871.740	8.778.883	1.000	47.886.951	168.680.924
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(4.334.192)				4.334.192	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		866.838				(866.838)	0
Þýðingarmunur				1.059.716			1.059.716
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram mótttekinn arð			2.046.995			(2.046.995)	0
Hagnaður ársins						7.827.539	7.827.539
Eigið fé 31. desember 2024	4.000	76.670.998	33.918.734	9.838.598	1.000	57.134.849	177.568.179
Árið 2023							
Eigið fé 1. janúar 2023	25.364.000	72.522.676	32.150.411	11.543.578	3.868.600	34.475.951	179.925.217
Hlutfajárlækkun	(25.360.000)						(25.360.000)
Endurmat, hækkun		13.550.346					13.550.346
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(2.710.069)					(2.710.069)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(4.030.753)				4.030.753	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		806.151				(806.151)	0
Þýðingarmunur				(2.764.695)			(2.764.695)
Framlag í lögbundinn varasjóð					(3.867.600)	3.867.600	0
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram mótttekinn arð			(278.672)			278.672	0
Hagnaður ársins						6.040.126	6.040.126
Eigið fé 31. desember 2023	4.000	80.138.351	31.871.740	8.778.883	1.000	47.886.951	168.680.924

Sjóðstreymisyfirlit 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		7.827.539	6.040.126
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	2)	(3)
Áhrif dótturfélaga	7	(7.827.957)	(6.040.604)
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Tekjuskattur	(	135)	(217)
Skammtímakröfur lækkun		1	2
Skammtímaskuldir lækkun	(	17)	(399)
Kröfur á tengda aðila (hækkun) lækkun	9	(7.083.834)	19.256.200
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta	(	7.084.405)	19.255.105
Innborgaðar vaxtatekjur		0	3
Greidd vaxtagjöld	(	3)	0
Handbært fé frá (til) rekstrar	(	7.084.408)	19.255.109
Fjárfestingarhreyfingar			
Sala á eignarhlutum í öðrum félögum		0	400
Fenginn arður		7.084.400	6.104.350
Fjárfestingarhreyfingar		7.084.400	6.104.750
Fjármögnunarhreyfingar			
Lækkun hlutafjár		0	(25.360.000)
Fjármögnunarhreyfingar		0	(25.360.000)
Lækkun á handbæru fé	(	8)	(141)
Handbært fé í ársbyrjun		9	150
Handbært fé í lok ársins		1	9
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé til rekstrar	(	553)	(695)

Skýringar

1. Félagið

OR Eignir ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst hér á eftir.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélaganna. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

b. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 21% vegna ársins 2024.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

Enginn starfsmaður starfar hjá OR Eignum og stjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín.

5. Þóknun endurskoðanda

	2024	2023
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	520	539

6. Tekjuskattur

		2024	2023
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:			
Breyting á frestuðum tekjuskatti		135	217
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning		135	217
Virkt skatthlutfall greinist þannig:			
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt		7.827.404	6.039.909
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	21,0%	1.643.755	20,0% 1.207.982
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(20,0%) (	1.565.591) (	20,0%) (1.208.121)
Áhrif af breyttu skatthlutfalli	(1,0%) (	78.419)	0,0% 0
Aðrir liðir	0,0%	149	0,0% 4
Samsköttun með dótturfélögum	0,0% (	28) (	0,0%) (82)
Virkur tekjuskattur	0,0% (	135)	0,0% (217)

Skýringar

7. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Carbfix félög	Veitur	ON Power	Orka náttúrunnar	Samtals
Eignarhlutir í ársbyrjun 2024	737.023	74.720.191	70.070.758	23.388.226	168.916.198
Áhrif dótturfélaga	(1.305.385)	3.695.387	3.352.303	2.085.652	7.827.957
Þýðingarmunur	12.765		1.046.950		1.059.716
Aðrar breytingar	(0)		4	0	4
Greiddur arður		(3.000.000)	(2.084.400)	(2.000.000)	(7.084.400)
Eignarhlutir í árslok 2024	(555.597)	75.415.578	72.385.616	23.473.878	170.719.475
Eignarhlutur	99,9%	100%	100%	100%	

Veitur dreifa rafmagni og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi.

Starfsemi Orku náttúrunnar felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakilsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði og rekstur hleðslustöðva.

Starfsemi ON Power felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni en í dótturfélaginu Carbfix hf. er rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi carbfix tækninnar. Carbfix tæknin spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi. Coda Terminal hf. er dótturfélag Carbfix hf. Félagið vinnur nú að uppbyggingu á kolefnisförgunarstöð í Straumsvík sem áætlað er að hefji rekstur á árinu 2026. Fram að þeim tímapunkti verður umsjón með uppbyggingunni í höndum Carbfix hf.

Veitur, ON Power og Orka náttúrunnar eru öll að fullu í eigu OR Eigna. OR Eignir á 99,96% hlut í Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. sem á síðan 99,7% hlut í Carbfix hf. á móti OR Eignum sem á 0,3% hlut. OR Eignir á 0,000025% hlut í Coda Terminal hf. sem er í 99,999975% eigu Carbfix hf. Félögin eru öll staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

8. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur 4 milljónum kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila starfsemi með annan gjaldmiðil en íslenskar krónur.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en 5% eftir það.

Óráðstafað eigið fé

Enginn arður var greiddur til móðurfyrirtækisins árið 2024 (2023: engin arðgreiðsla).

9. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, félög í samstæðu Orkuveitunnar, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Í árslok er krafa á dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og ON Power vegna samsköttunar að fjárhæð 214,2 milljónir kr. og skuld við Eignarhaldsfélagið Carbfix og Carbfix hf. að fjárhæð 213,3 milljónir kr. Auk þess er skuld við móðurfélagið Orkuveituna að fjárhæð 6.848,4 millj. kr. í árslok 2024. (31.12.2023: Skuld við móðurfélag 235,5 milljónir kr. og krafa á dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og ON Power vegna samsköttunar að fjárhæð 60,2 milljónir kr. og skuld við Eignarhaldsfélagið Carbfix að fjárhæð 59,5 milljónir kr.) Engar aðrar stöður eða viðskipti eru við aðra tengda aðila.

10. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

11. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnendum er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.



Ársreikningur samstæðu 2024

Orkuveita Reykjavíkur
Kt. 551298-3029
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Efnisyfirlit

Árið í hnotskurn	3
Yfirlit þjónustu	6
Yfirlit stjórnenda	7
Fjárhagslegir mælikvarðar	8

Skýrsla stjórnar 9


Inngangur stjórnarformanns og forstjóra	10
Yfirlit samstæðu	17
Virðisstraumar Orkuveitunnar	18
Tvíátta mikilvægisgreining	20
Flokkunarreglugerð ESB	23
E1 Loftslagsbreytingar	28
E3 Vatns- og sjávarauðlindir	35
E4 Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	44
E5 Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi	48
S1 Mannauður	58
S4 Neytendur og viðskiptavinir	64
G1 Stjórnarhættir	67
Yfirlýsing stjórnar og forstjóra	72
Áritun óháðra endurskoðenda	73

Fjárhagur 77

Rekstrarreikningur 2024	78
Yfirlit um heildaraftömu 2024	79
Efnahagsreikningur 31. desember 2024	80
Eiginfjáryfirlit 2024	81
Sjóðstreymisyfirlit 2024	82
Skýringar	83



Árið í hnotskurn




Janúar

Ný heildarstefna Orkuveitu Reykjavíkur er sett fram undir orðunum „Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar“. Ný ásjón fyrirtækisins er einnig kynnt og í kjölfarið hefst vinna við að innleiða þessa nýju stefnu inn í dótturfélögin.

„Við ætlum að vera aflvaki sem gengur einfaldlega út á að við horfum á árangur annarra. Vegna þess að við viljum vera góður samstarfsaðili sem stuðlar að framgangi samfélaga. Okkar árangur er mældur í árangri annarra.“

- Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Orkuveitunnar.




Febrúar

Veitur setja á laggirnar trukkaveitu þegar eldgos ógnaði innviðum á Suðurnesjum. Heitt vatn var flutt með tankbílum til að verja lagnakerfið og auðvelda uppkeyrslu hitaveitunnar.

„Eftir að ljóst var að íbúar á Suðurnesjum stæðu frammi fyrir heitavatnsleysi bjuggum við til Trukkaveituna eftir að hafa lagt höfuðið í bleyti um hvernig við gætum aðstoðað á skilvirkan hátt.“

- Hrefna Hallgrímsdóttir forstöðumaður hitaveitu Veitna.




Mars

Orka náttúrunnar birtir auglýsingu á alþjóðlegum vettvangi þar sem leitað er áhuga á kaupum á 150 megavöttum af rafmagni frá virkjunum fyrirtækisins.

„Það er skylda okkar gagnvart eigendum og samfélaginu öllu að bjóða þá orku sem við öflum á markaðsverði, þetta er liður í því.“

- Árni Hrannar Haraldsson framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.



Apríl

Loftslagsbókhald Orkuveitunnar hlýtur óháða alþjóðlega vottun sem eykur mjög á áreiðanleika þess. Áður fékk Orkuveitan staðfest af SBTi að loftslagsmarkmið fyrirtækisins væru í samræmi við loftslagsmarkmið Parísarsáttmála Sp.

„Þetta mikilvæga skref, sem við vitum ekki til að annað íslenskt fyrirtæki hafi stigið ennþá, er merkilegur áfangi í leið okkar að kolefnishlutleysi.“

Hólmfríður Sigurðardóttir umhverfisstjóri Orkuveitunnar.



Maí

Orkuveitan og Reykjavíkurborg skrifa undir samkomulag sem bindur enda á meira en aldarlöng afnot Orkuveitunnar og forvera hennar af Elliðaánum til raforkuvinnslu.

„Þegar raforkuvinnsla er hætt ber virkjanafyrirtækinu skylda til að færa umhverfi til fyrra horfs sem kostur er. Nú er Elliðaárdalur ekki holt og mói eins og snemma á síðustu öld heldur eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins.“

- Sævar Freyr Þráinsson forstjóri Orkuveitunnar.



Júní

Orka náttúrunnar og Jarðboranir skrifa undir samkomulag um að Jarðboranir taki að sér borun á átta vinnsluholum Orku náttúrunnar á Hengilssvæðinu sem fer fram á árunum 2025-2027.

„Orka náttúrunnar er mikilvægur framleiðandi á bæði heitu vatni og rafmagni og viljum við geta haldið óskertri þjónustu við okkar viðskiptavini til framtíðar.“

- Árni Hrannar Haraldsson framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.



Júlí

Ljósleiðarinn og fyrirtækið Tölvun ehf. hefja aukið samstarf með það að markmiði að bjóða fjarskiptaþjónustu til heimila og fyrirtækja í Vestmannaeyjum.

„Við viljum gera öllum fjarskiptafélögnum kleift að selja sínar áskriftir inn á ljósleiðaranet sem sveitarfélög hafa verið að byggja upp með öflugum hætti á undanfórnum árum.“

- Einar Þórarinnsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.




Ágúst

Nýir hleðslugarðar Orku náttúrunnar opna í Öskjuhlíð, Glerártorgi og í Borgarnesi.

„Við hjá Orku náttúrunnar erum einstaklega stolt af opnun þessara hleðslugarða sem eru hluti af þeirri vegferð okkar í að stækka hleðslunet ON. Þannig erum við að leggja okkar að mörkum til orkuskiptanna.“

- Árni Hrannar Haraldsson framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar.



September

Evrópski þróunarbankinn (CEB) samþykkir að veita Orkuveitunni 75 milljóna evra lán til að byggja upp veitukerfi og efla viðnám þeirra gegn loftslagsvá og náttúruhamförum.

„Þetta er mikilvægt skref í að tryggja okkur fjármagn til þessara mikilvægu verkefna og tryggja íbúum og fyrirtækjum lífsgæði til framtíðar“

- Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna.



Október

Carbfix semur við Elkem á Íslandi og Þróunarfélag Grundartanga um að binda koldíoxíð frá verksmiðju Elkem.

„Við gerum ráð fyrir að fleiri fyrirtæki og geirar fylgi í kjölfarið svo við getum spornað við þeim alvarlegu breytingum sem þegar eru hafnar á loftslaginu.“

- Edda Aradóttir framkvæmdastýra Carbfix.



Nóvember

Ljósleiðarinn og Snerpa undirrita samning um aukið samstarf sem felur í sér aukin tækifæri fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki á vestfjörðum.

„Ljósleiðarinn hefur frá árinu 2022 boðið upp á gagnaflytningsspjónustu á landsbyggðinni með því markmiði að nýta innviði og hugvit Ljósleiðarans til að gera viðskipti einfaldari og hagkvæmari“

- Einar Þórarinnsson framkvæmdastjóri Ljósleiðarans.




Desember

Orkuveitan og Veitur semja við North Tech Drilling um borun allt að 35 jarðhitahola í einu stærsta borútboði síðari ára.

„Við ætlum að sækja fram í orkuöflun og tryggja nægt framboð af sjálbærri orku til framtíðar“

- Hera Grímsdóttir framkvæmdastýra Rannsóknna og nýsköpunar.

Yfirlit þjónustu




Yfirlit stjórnenda


Rekstrarár	2024	2023	2022	2021	2020
Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.					
Rekstrartekjur	66.782	61.169	55.644	51.890	48.627
Rekstrarkostnaður	(27.720)	(25.469)	(21.220)	(18.380)	(19.172)
þ.a. orkukaup og flutningur	(7.191)	(7.264)	(6.718)	(5.872)	(5.793)
EBITDA	39.062	35.701	34.424	33.510	29.454
Afskriftir	(16.830)	(15.797)	(14.439)	(13.257)	(13.056)
Rekstrarhagnaður EBIT	22.232	19.904	19.984	20.253	16.398
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	1.066	591	313	256	397
Greidd vaxtagjöld*	(8.037)	(7.040)	(5.061)	(4.398)	(4.940)
Handbært fé frá rekstri*	29.725	27.672	26.358	25.582	23.152
Veltufé frá rekstri	29.113	27.465	27.587	23.675	22.357
Lausafé					
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	11.594	8.670	11.071	14.657	14.867
Handbært fé	16.438	10.342	6.651	10.320	15.820
Óáðregnar lánalínur	4.550	14.660	9.100	9.629	11.776
Lausafé samtals	32.582	33.672	26.821	34.606	42.463
*Árið 2022 er leiðrétt fyrir uppgjöri vegna gjaldmiðlasamnings við Glitni (dómsmál).					
Raforkuvinnsla (GWst.)	3.384	3.509	3.494	3.545	3.581
Heitavatnsvinnsla (millj. m³)	119	112	107	104	107
Vatnsvinnsla (millj. m³)	30	32	29	28	28
Gagnamagn (Terabæti)	574.000	518.000	443.000	396.000	345.000
Kolefniskræfni rafmagnsvinnslu (gr. CO ₂ -íg/kWst.)	7,3	7,3	7,5	7,3	7,8
Kolefniskræfni varmvinnslu (gr. CO ₂ -íg/kWst.)	3,7	3,5	4,0	3,7	3,7
CO ₂ bundið í berg	12.100	12.500	12.300	13.400	11.500
Óútskýrður launamunur kynja	0,59%	-0,10%	0,10%	-0,20%	0,03%

Fjárhagslegir mælikvarðar


Eiginfjárhlutfall




Veltufjárhlutfall




Veltufé frá rekstri (ma.kr.)




Vaxtaþekja



(Handbært fé – arðgreiðslur)/Nettó skuldir



Fjárfestingar (ma.kr.)





Skýrsla stjórnar



Inngangur stjórnarformanns og forstjóra

Árið 2024 stillti Orkuveitan upp til sóknar á grunnri nýrrar heildarstefnu Orkuveitunnar, sem var formlega staðfest af öllum eigendum um mitt ár. Í henni er skýrt hvernig Orkuveitan muni styðja vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf með nýsköpun í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu. Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift heildarstefnunnar og um leið kjörorð Orkuveitunnar allrar.

Nýja stefnan er m.a. yfirlýsing um breytingar sem fyrirtækin í samstæðunni hafa tileinkað sér. Viðá innan samstæðu Orkuveitunnar voru gerðar breytingar á skipulagi sem endurspeglar áherslur nýrrar heildarstefnu. Þær eru þessar:

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir þar sem staðfest er forystuhlutverk Orkuveitunnar í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð. Styðjum við vaxandi samfélög, heimili og atvinnulíf með auknu framboði í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Nýsköpun og öflugt samstarf þar sem við erum leiðandi og eftirsótt til samstarfs. Vinnum með eigendum, sveitarfélögum, heimilum og atvinnulífinu með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi.

Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur. Erum metnaðarfull, kvik og fjölbreytt liðsheild sem skilar sér í skilvirkum og traustum rekstri. Vellíðan, vöxtur og metnaður hvers einstaklings er nátengd metnaði og markmiðum. Vinnum markvisst að alþjóðlegri samkeppnishæfni með þróun og eflingu þekkingar og hæfni starfsfólks sem fær umboð til ákvarðana og áhrifa.

Fyrir viðskiptavininn því það er jú tilgangurinn með öllu starfi Orkuveitunnar, að skapa virði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina s.s. heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga; við erum snjöll og veitum framúrskarandi þjónustu.



Gylfi Magnússon stjórnarformaður Orkuveitunnar og Sævar Freyr Þráinsson forstjóri.

Sett hafa verið metnaðarfull markmið sem styðja við þessar stefnuáherslur.

Traustur fjárhagur

Fjárhagur Orkuveitunnar er traust undirstaða þess vaxtar sem ný stefna felur í sér. Tekjur fara vaxandi og gert er ráð fyrir að árlegar tekjur hafi náð þriðjungs vexti á þessum áratug. Tekjuvöxturinn byggir á þremur stöðum:

1. Vexti þeirra samfélaga sem Orkuveitan þjónar með margvíslegum hætti.
2. Nýjum tekjuskapandi fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðunni.
3. Núverandi eignir skili auknum tekjum. Þar skiptir einna mestu máli að sanngjarnara verð fáiast fyrir raforku til stóriðju.

Á meðal nýrra fjárfestinga eru áform Carbfir þar sem við gerum ráð fyrir að splunkunýr tekjustrumur verði að veruleika; tekjur fyrir að binda koldíoxíð frá iðnaði með varanlegum og ábyrgum hætti. Þetta er risaskref í umhverfismálum, ekki bara fyrir Ísland, heldur heiminn allan og mun jafnframt skila verulegum fjárhagslegum ávinningi fyrir land og þjóð.

Eigið fé Orkuveitunnar er, samkvæmt þessum ársreikningi, 265,7 milljarðar króna og eiginfjárlutfallið 52,1%. Samkvæmt gildandi fjárhagsspa mun eigið fé vaxa um meira en fjórðung til ársloka 2029.

Starfsemi Orkuveitunnar er fjármagnsfrek. Það er dýrt að stækka veitukerfi og viðhalda þeim þúsundum kílómetra af lögnum sem þegar liggja í jörð. Virkjanir eru kostnaðarsamar framkvæmdir og þeir innviðir sem kolefnisbindingin krefst kosta mikið fé. Aðgangur að lánsfé á viðunandi kjörum er því lykilatriði þegar kemur að því hversu hagkvæmur rekstur Orkuveitunnar er.

Síðustu ár hafa verið mörgum fyrirtækjum krefjandi í þessum efnum. Talsverð verðbólga hefur verið og vextir háir. Orkuveitan hefur sannarlega fundið fyrir háum vöxtum en aðgangur að fjármagni hefur verið greiður. Þar ræður væntanlega skýr fjármögnunarrámmi fyrirtækisins sem hlotið hefur hæstu einkunn fyrir sjálfbærni þeirra uppbyggingarverkefna sem hann lýsir. Orkuveitan er í eðli sínu umhverfisfyrirtæki þar sem kjarna-starfsemin er að færa heimilum og fyrirtækjum gæði sem náttúran gefur. Sé það gert af ábyrgð og virðingu fyrir þörfum komandi kynslóða skilar það aðgangi að fjármagni á hagstæðari kjörum en ella.

Skerpt á sjálfbærni

Hugtakið sjálfbærni hefur verið í opinberri umræðu í tæp 40 ár eða frá því Brundtland-skýrslan svokallaða kom út á vegum Sameinuðu þjóðanna haustið 1987. Hvað hugtakið felur í sér fyrir rekstur fyrirtækja hefur verið að skerpast smátt og smátt og á næstunni verður lögfestur sá skilningur sem stjórnvöld í okkar heimshluta leggja í þetta grundvallarhugtak ábyrgs atvinnulífs. Segja má að gegn-sæi sé grunnstef innleiðingarinnar og því beinist löggjöfin að glöggri upplýsingagjöf fyrirtækja í ársreikningum sínum.

Þetta er fyrsti ársreikningur Orkuveitunnar sem gerður er með hliðsjón af væntanlegum reglum. Tilskipun Evrópusambandsins um sjálfbærni-upplýsingar (CSRD) hefur þegar gengið í gildi gagnvart stórum fyrirtækjunum innan þess og mun væntanlega ná á næstu misserum til samsvarandi fyrirtækja á Evrópska efnahgssvæðinu. Með því eru reglubundnar upplýsingar um reksturinn sem snúa að öðrum sjálfbærniþáttum rekstursins en fjárhag – umhverfinu, loftslaginu, samfélaginu og stjórnaðhættum – orðnar birtingar- og úttektarskyldar.

Orkuveitan var frumkvöðull hér á landi í slíkri upplýsingagjöf en allt frá aldamótum hefur fyrirtækið ýmist gefið út sérstakar umhverfisskýrslur eða samþættar ársskýrslur þar sem snert er á öllum sjálfbærniþáttum sem máli skipta. Innleiðing nýrra Evrópureglna er því eðlilegt framhald fyrri upplýsingagjafar og markar ekki straumhvörf. Það er þó marktækt og mikilvægt skref þegar gerðar eru svo skarpar lagalegar kröfur um áreiðanleika sjálfbærniupplýsinga fyrirtækja. Í þessari skýrslu stjórnar og forstjóra með Ársreikningi Orkuveitunnar fyrir árið 2024 er leitast við að framfylgja væntanlegri löggjöf. Ástæða þess að það er gert nú, en ekki þegar yfirlýst áform stjórnvalda um innleiðingu hafa gengið eftir, er að hluti sjálfbærni-regluverks Evrópusambandsins hefur þegar verið leiddur í lög hér á landi og samskipti Orkuveitunnar við fjármálamarkaði taka nú þegar mikið mið af regluverkinu sem gengið er í gildi innan sambandsins. Í ársreikningi 2023 var þannig gerð grein fyrir tekjum, gjöldum og fjárfestingum með tilliti til krafna Flokkunarreglugerðarinnar, sem gengin er í gildi hvað Orkuveituna varðar og endurnýjaður fjármögnunarrámmi Orkuveitunnar, sem gefinn var út haustið 2024, tekur mið af sömu kröfum.

Dökkgræn Orkuveita

Það var einkar ánægjulegt við útgáfu fjármögnunarrámmans að í óháðri úttekt alþjóðlega matsfyrirtækisins S&P Global hlaut hann hæstu einkunn og var metinn dökkgrænn. Það var jafnframt álit S&P að öll sú starfsemi innan samstæðu Orkuveitunnar, sem áformað er að fjármagna innan rammans uppfylli strangar sjálfbærni kröfur Flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins. Úttektir á borð við þessa fylla stjórn fyrirtækisins og stjórnendur trausti á því að Orkuveitan sé einkar vel í stakk búin að vera leiðandi í þeim grænu umskiptum sem verða að eiga sér stað.

Frá því Orkuveitan gaf út grænan fjármögunar- ramma, árið 2019, hefur fjármögnun innan hans verið umfangsmest hjá samstæðunni, hvortveggja í formi skuldabréfaútgáfu og beinnar lántöku. Nú falla 66% lánsfjármögnunar Orkuveitunnar undir rammann. Sú breyting hefur einnig orðið á fjármögnun samstæðunnar að nú eru einungis 20% lána samstæðunnar í beinni ábyrgð eigenda – Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar. Í árslok 2010 var það hlutfall 93%. Á árinu 2024 kom einmitt til umræðu með hvaða hætti eðlilegt sé að skuldir Orkuveitunnar færist til bókar hjá eigendum. Orkuveitan er innan bókhaldslegrar samstæðu Reykjavíkurborgar og færest allar skuldir hennar til reiknaðs skuldaviðmiðs borgarinnar samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Það þýðir að bókfærðar skuldir Orkuveitunnar – hvað sem eignum hennar, eigin fé, sjóðstreymi, arðsemi og arðgreiðslum líður – reiknast ætíð sem baggi á borgarsjóði, jafnvel þótt borgarsjóður beri ekki ábyrgð á greiðslu þeirra skulda. Samsvarandi regla gildir ekki um orku- og veitufyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Bráðabirgðalausn fékkst í málið á árinu 2024 en í ljósi áformaðs vaxtar Orkuveitunnar er áriðandi að þessi ranga reikniaðferð sé lögð varanlega af.

Óvissupættir

Fjárfestingar Orkuveitunnar, hvort sem það eru eldri fjárfestingar eða þær sem eru framundan, eru ekki áhættulausar. Eitt mesta framfaraskref sem tekið hefur verið í rekstrinum á umliðnum árum er einmitt efling áhættustýringar. Yfirsýn stjórnar og eftirlit hennar með því að viðmiðum hennar sé fylgt hafa eflst. Nánar er fjallað um fjárhagslega áhættustýringu í skýringum 26-31 með ársreikningum og um sjálfbærniáhættur er fjallað í viðkomandi köflum skýrslu stjórnar, en atburðarásin á Reykjanesi síðustu misseri beinir sjónum að náttúruvá. Ekkert fyrirtæki í landinu treystir meira á orkuvinnslu úr eldvirkum svæðum en Orkuveitan.

Það hefur verið uppörvandi að sjá hversu áfallalítill í raun rekstur orkuveranna í Svartsengi og á Reykjanesi hefur verið meðan á goshrinunni hefur staðið og hversu vel hefur tekist til með að verja mannvirki þar. Viðbrögð starfsfólks orku- og veitufyrirtækjanna á Suðurnesjum, stjórnenda þeirra og stjórnvalda eru áhættustýringu Orkuveitunnar mikill sjóður.

Loftslagsáhættur snerta Orkuveituna. Hækkandi sjávarstaða hefur þannig mikil áhrif á fráveiturnar og óvissan um það hvort loftslagsváin skili Íslandi hækkuðum eða lækkuðum lofthita er óþægileg fyrir aðlögun fyrirtækisins að þeim loftslagsbreytingum sem standa yfir. Sú óvissa snýr augljóslega að hitaveitunum og orkuþörf þeirra en líka að vatnsauðlindinni, sem viðbúið er að bregðist með einhverjum hætti við veigamiklum breytingum veðurfars.

Frekari óvissa steðjar að fráveiturekstrinum því óljóst er með hvaða hætti auknar kröfur til hreinsunar fráveituvatns verða innleiddar hér á landi eða hvort og hvaða stuðnings er að vænta vegna fyrirséðs kostnaðar. Þegar stóratöki í fráveitumálum var síðast hrundið af stað, fyrir um aldarþriðjungi, nutu rekstraraðilar fráveitnanna, sem í langflestum tilvikum voru sveitarfélög, talsverðra ívilnana til að draga úr framkvæmdakostnaði. Það skilaði sér í bráðnaðsynlegri hreinsun strandlengju höfuðborgarinnar og síðar samsvarandi framförum á Akranesi og í Borgarbyggð. Það kann að vera stjórnvöldum leiðsögn nú að þrátt fyrir þá ívilnun sem þá var veitt hafa ekki öll sveitarfélög sem núgildandi reglur ná til náð að uppfæra sínar fráveitur. Um leið og Orkuveitan býr sig undir vaxandi kröfur hefur verið ráðist í rannsóknir sem miða að því að draga úr förgunarþörf fráveituúrgangs, hugsanlega að nýta þá orku sem um fráveituna streymir og draga úr áhrifum efna í fráveituvatninu á umhverfi. Þannig getur nýsköpun – ný og fersk nálgun við eldri viðfangsefni – komið okkur, umhverfinu og samfélaginu sem við þjónum til góða.

Stór skref í samdrætti losunar framundan

Aðgerðir Orkuveitunnar til að draga úr eigin losun koldíoxíðs hafa eðlilega beinst að helsta losunarvaldinum í samstæðunni, starfsemi tveggja stórra jarðgufuvirkjana á Hengillssvæðinu. Verulegur árangur hefur náðst við föngun og binding koldíoxíðs og brennsteinsvetnis úr jarðgufunni og fleiri stór skref eru í sjónmáli. Nú hefur Orkuveitan gefið út eigin Loftslagsvegvísi þar sem tiltekið er með nákvæmari hætti en áður hvernig fyrirtækið hyggst ná meiri árangri í loftslagsmálum og starfsemi og virðisdeðja hennar verði nettó-núll árið 2040. Margt þarf að koma til svo markmiðið um kolefnishlutleysi náist en vegvísirinn geymir þann verkfærakassa sem Orkuveitan mun ganga í til að svo verði. Forsenda Loftslagsvegvísisins er nákvæmt losunarbókhald Orkuveitunnar og sá árangur náðist á árinu 2024 að alþjóðleg vottun fékkst á áreiðanleika þess. Loftslagsbókhaldið sýnir meðal annars hversu stál í aðföngum Orkuveitunnar þyngir kolefnisspor í virðisdeðjunni. Stálbræðsla, eins og hún hefur verið stunduð um aldir, losar mikið koldíoxíð en fréttir berast öðru hvoru frá útlöndum að nýjar aðferðir geti skilað miklum ávinningi fyrir loftslagið.

Frá útlöndum berast einnig tíðindi af vaxandi viðsjám í samskiptum milli þjóða, í stjórnmálum og alþjóðaviðskiptum. Aðföng Orkuveitunnar koma víða að og hráefnin til þeirra enn víðar. Því þarf starfsemi að vera viðbúin því að aðdrættir raskist vegna viðsjár í alþjóðaviðskiptum.

Traust staða Orkuveitunnar í sjálfbærnimálum skapar fyrirtækinu tækifæri. Eitt það stærsta er afrakstur margra ára þrautseigju við þróun ábyrgar kolefnisbindingar. Þau þekkja það sem í hafa komist að uppbygging sprotafyrirtækja getur tekið í og oft á þroskaleiðinni gæti óþreyju. Þörfin fyrir Carbix-tæknina vex. Losun koldíox-

iðs vegna umsvifa mannsins er ekki enn farin að dragast saman þótt farið sé að hylla undir það. Uppsafnaður styrkur þess í andrúmslofti er slíkur að vísindasamfélagið er nánast einhuga um að föngun þess úr andrúmslofti eða við uppsprettur sem snúið er að finna aðrir lausnir við sé ekki bara nauðsynleg heldur bráðnauðsynleg. Þar liggja viðskiptatækifærin. Orkuveitan getur ekki nýtt þau ein. Hún þarf gott samstarf við heimafólk þar sem starfstöðvar rísa, við birgja og viðskiptavini og væntanlega meðeigendur sem deila með Orkuveitunni áhættu og þá líka fjárhagslegum ábata. Ávinningur loftslags og umhverfis verður ótvíræður þegar fjármögnun og aðrar áskoranir í undirbúningi verða yfirstignar.

Á árinu 2024 breyttust áherslur varðandi endurfjármögnun Ljósleiðarans. Heimild eigenda Orkuveitunnar til að fá meðeiganda eða meðeigendur að félaginu rann út um áramót. Það hávaxtaskeið sem stóð frá því sú heimild fékkst reyndist verkefninu ekki hagfeld. Nú er unnið að endurfjármögnun með öðrum hætti en með sama markmiði; að Ljósleiðarinn hafi fjárhagslegan þrótt til að efla samfélögin sem hann þjónar svo þau séu sem best í stakk búin að takast á við okkar stafrænu framtíð.

Aukin orkuvinnsla

Vinnsla rafmagns úr vatnsorku hefur allt frá upphafi rafvæðingar Íslands verið hryggjarstykkið í raforkukerfinu. Frá síðustu aldamótum hefur hlutdeild jarðhita vaxið talsvert en raforka úr þeirri auðlind hentar einkar vel til iðnaðar, þar sem sveiflur í notkun eru minni en á almennum markaði. Eftir að Reykjavíkurborg lagði sínar vatnsaflsvirkjanir inn í Landsvirkjun, fyrir rétt um 60 árum, hefur það fyrirtæki, sem nú er alfarið í ríkiseigu, ráðið fyrir þessari hryggjengju raforkuvinnslunnar. Samkeppni á raforkumarkaði mótast mjög af þessari stöðu og almenn staða á raforkumarkaði ræðst af vatnsbúskap virkjana fyrirtækisins. Illa hefur nú árað og hefur umræða um orkumál eðlilega litast af því.

Eftirspurn eftir sjálfbærri orku hefur aukist á sama tíma og framboðið hefur takmarkast af tíðarfarinu. Því hyggst Orkuveitan svara og á árinu 2024 var rannsókn- og nýsköpunarsvið fyrirtækisins eftir í þessu skyni. Nýting jarðhita er vissulega heima-völlur Orkuveitunnar en auk frekari tækifæra þar er horft til vatnsafls, vinds, birtu og fleiri nýstárlegra náttúrulegra orkugjafa. Slík áform eru þróuð og þroskuð innan Orkuveitunnar en fýsileg áform rata síðan til framkvæmda hjá Orku náttúrunnar. Hlutverk stjórnvalda við að skapa þessum áformum umgjörð hafa verið í deiglu og það er ánægjulegt að nú virðist sem framhald verði á vinnu fyrri stjórnar og þings að aukinni skilvirkni stjórnsýslunnar. Góðir orkukostir verða að eiga fyrirsjáanlegan leiðangur leyfisveitinga og slípunar í um-sagnarferlum. Slæma kosti á að slá fljótt af.

Orkuöryggi fékk líka nýja vídd á árinu 2024 þegar tókst að forða yfirvofandi stórtjóni á verulegum hluta húsnæðis á Suðurnesjum. Aðburðirnir við Grindavík, sem skemmdu helstu flutningsæð hitaveitunnar frá Svartsengi leiddu í ljós að hitaveitan er ekki minni nauðsyn heimilum og fyrirtækjum en rafveitan. Heitavatnsnotkun hjá Veitum hefur vaxið með fordæmalausum hraða síðustu ár og ekki varð lát á því árið 2024. Vatnsnotkun í hitaveitum Veitna hefur aukist um meira en fimmtung frá árinu 2019. Það er gríðarlegur vöxtur og viðbóttin ein svarar gróflega til tvöfaldrar orkunotkun hitaveitu Norðurorku fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið. Það er því ekki að ófyrirsynju að Veitur hafa tekið hitaveitumál afar traustum tókum, skerpt sýn á forða á einstökum svæðum, greint tækifæri á einstökum svæðum og mótað langtímasýn á þróun hitaveitna fyrirtækisins. Þetta bar árangur strax á nýliðnu ári þegar ný lághitasvæði fundust fyrir höfuðborgarsvæðið og stórum áföngum lauk við sverun mikilvægra flutningsæða. Áfram má þó búast við vaxtarverkjum í hitaveitunum. Þeir geta birst viðskiptavinum með vatnsleysi meðan á stórum framkvæmdum stendur eða skerðing afhendingar á víkjandi orku, til dæmis til sundlauga, í bitrustu frostum.





Vatnsvernd

